



## Sértækar ákvarðanir

- Við innleiðingu á grunnmati starfa og ákvörðun launa á grundvelli þess, skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, var forstöðumönnum ríkisstofnana kynnt sú ákvörðun að ef grunnmat þess starfs sem þeir sinntu mælti fyrir um lægri heildarlaun en síðasti úrskurður kjararáðs kvað á um, þá myndi úrskurður kjararáðs halda gildi sínu þar til launaákvörðun, samkvæmt nýju grunnmati starfa, að teknu tilliti til almennra launahækkana, yrði jöfn núverandi heildarlaunum þeirra. Fjárhæð launa þeirra sem þetta á við helst því óbreytt, frá því sem kjararáð úrskurðaði, og tekur ekki hækjunum fyrst um sinn. Þetta gildir nú í sjö tilvikum. Taki nýr einstaklingur við starfi forstöðumanns fara laun eftir niðurstöðu grunnmats starfa, sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996, en ekki samkvæmt fyrri úrskurði kjararáðs.

Dæmi um fjárhæð sem helst óbreytt eru innheimtulaun þeirra sýslumanna sem jafnframt voru innheimtumenn ríkissjóðs. Samkvæmt úrskurði kjararáðs frá árinu 2015 voru innheimtulaun hluti af heildarlaunum þeirra. Framangreind innheimtulaun eru ekki hluti af nýju launakerfi forstöðumannna og eru því ekki lengur reiknuð árlega. Fjárhæðin sem helst óbreytt er því sú sem kom til vegna innheimtuárangurs þeirra árið 2018 en hið nýja launakerfi tók gildi 1. janúar 2019. Greiðslur þessar falla niður, láti umræddir sýslumenn sem þetta á við af störfum þ.e. taki nýr sýslumaður til starfa eru greidd laun skv. hinu nýja grunnmati, sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996 (sólarlag).

Laun þeirra forstöðumannna sem þetta á við eru eftirfarandi:

Stofnun	Mánaðarlaun	Einingar	Innheimtulaun	Heildarlaun
Sýslumaðurinn á Austurlandi	957.294	335.055	473.208	1.765.557
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	957.294	335.055	445.395	1.737.744
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	957.294	335.055	422.731	1.715.080
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	957.294	335.055	388.456	1.680.805
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	957.294	335.055	403.252	1.695.601
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	957.294	335.055	447.736	1.740.085

- Með lögum nr. 79/2019 var launaákvörðun forsetaritara, formanna, varaformanna og annarra nefndarmanna sjálfstæðra úrskurðar- og kærunefnda færð til fjármála- og efnahagsráðherra sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um laun fyrrgreindra starfa, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ástæða þess er sú að störfin falla illa að forsendum hins heildstæða grunnmats, sem byggir á hlutlægum þáttum. Það lýsir sér m.a. í því að hið heildstæða grunnmat starfa



forstöðumanna tekur að takmörkuðu leyti tillit til sérstöðu fyrrgreindra starfa enda mótað áður en störfin voru færð undir fyrrgreinda grein sem grunnmat starfa byggir á.

Fyrirhugað er að fara í heildarendurskoðun á kerfinu, þar sem lagt verður mat á virkni og árangur grunnmatsins frá innleiðingu þess. Að teknu tilliti til þess og fyrrgreindra sérstöðu hefur verið tekin ákvörðun um, m.t.t. jafnræðis- og réttmætissjónarmiða, að laun vegna fyrrgreindra starfa taki mið af fyri forsendum en njóti almennra hækkaná líkt og aðrir sem undir grunnmatið falla, í formi annara launa. Sú ákvörðun gildir þar til annað verður ákveðið. Taflan sýnir laun sem gilda frá 1. janúar 2023.

	Mánaðarlaun	Einingar	Önnur laun	Heildarlaun
Forsetaritari	1.163.404	254.400	159.535	1.577.339
Kærunefnd útlendingamála, formaður	1.052.196	407.040	164.198	1.623.434
Kærunefnd útlendingamála, varaformaður	984.182	305.280	145.094	1.434.556
Úrskurðarnefnd umhverfismála, formaður	1.052.196	407.040	164.198	1.623.434
Úrskurðarnefnd umhverfismála, varaformaður	984.182	305.280	145.094	1.434.556
Úrskurðarnefnd velferðarmála, formaður	1.052.196	407.040	164.198	1.623.434
Úrskurðarnefnd velferðarmála, varaformaður	984.182	305.280	145.094	1.434.556
Úrskurðarnefnd velferðarmála, nefndarmenn	951.892	305.280	141.461	1.398.633
Yfirskattanefnd, formaður	1.052.196	407.040	164.198	1.623.434
Yfirskattanefnd, varaformaður	984.182	305.280	145.094	1.434.556
Yfirskattanefnd, nefndarmenn	951.892	305.280	141.461	1.398.633